

HANDBÓK LOFTSLAGSSJÓÐS

LEIÐBEININGAR FYRIR FAGRÁÐ

2023

Stjórn Loftslagssjóðs hefur samþykkt leiðbeiningar fagráðs fyrir árið 2023

Efnisyfirlit

| | | |
|-------|--|---|
| 1 | MATSFERLI..... | 3 |
| 1.1 | Fagráð..... | 3 |
| 2 | SIÐA- OG VANHÆFISREGLUR UMSÝSLUAÐILA | 3 |
| 2.1 | Siðareglur umsýsluaðila..... | 3 |
| 2.2 | Vanhæfisreglur | 3 |
| 2.3 | Misferli..... | 4 |
| 3 | LEIÐBEININGAR TIL FAGRÁÐSMANNA..... | 4 |
| 3.1 | Rafrænt matskerfi..... | 4 |
| 3.2 | Matsferlið | 4 |
| 3.3 | Fagráðsfundir..... | 4 |
| 3.3.1 | Fyrir fagráðsfundi | 4 |
| 3.3.2 | Á fagráðsfundum..... | 4 |
| 3.3.3 | Eftir fagráðsfundi..... | 5 |
| 3.3.4 | Matsþættir | 5 |

1 MATSFERLI

1.1 FAGRÁÐ

Fagráð Loftslagssjóðs sem er skipað eigi færri en þremur sérfræðingum með þekkingu á loftslagsmálum og/eða nýsköpun og tækni og/eða miðlun metur styrkhæfi umsókna.

Heimilt er að nota fagráð sem skipað er vegna úthlutunar úr öðrum samkeppnissjóðum á vegum Rannís.

Stjórn skipar formann fagráðs úr röðum fagráðsmanna. Formaður ber ábyrgð á, með hjálp umsjónarmanns fagráðs, að samræma vinnu fagráðsins og að fagráðið vinni samkvæmt stefnu og hlutverki Loftslagssjóðs og almennum siðareglum. Nöfn fagráðsmanna eru birt á vef Rannís.

Stjórn fundar með formanni fagráðs þegar handbók og áherslur stjórnar liggja fyrir, áður en umsóknarfrestur rennur út.

Mat fagráðs á umsóknum skal ávallt byggjast á áherslum stjórnar og gæðum umsókna.

2 SIÐA- OG VANHÆFISREGLUR UMSÝSLUAÐILA

2.1 SIÐAREGLUR UMSÝSLUAÐILA

Meðlimir stjórnar Loftslagssjóðs, meðlimir fagráða Loftslagssjóðs, sérfræðingar sjóðsins hjá Rannís og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir algerum trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Þessi trúnaðargögn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en við faglegt mat og þau má ekki birta, gefa út eða sýna þriðja aðila með öðrum hætti. Afrit skulu aðeins vera útbúin af trúnaðargögnum þessum ef það þykir nauðsynlegt vegna faglegs mats. Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsblöð í rafrænu skjalasafni Rannís. Fagráð Loftslagssjóðs eru meðvituð um að birting eða ólögmat nýting trúnaðarupplýsinga geta valdið eigendum þeirra óbætanlegu tjóni. Eigandi trúnaðarupplýsinga á rétt á að leita til dómstóls sem lögsögu hefur í málinu og krefjast tiltekinna aðgerða, fara fram á bann við frekari uppljóstrun eða öðrum brotum og/eða setja fram aðrar kröfur sem eigandi upplýsinganna telur viðeigandi. Slíkur réttur eiganda kemur til viðbótar þeim úrræðum sem standa skráðum eiganda eða þeim sem leiðir rétt frá honum (raunverulegum eiganda) til boða.

2.2 VANHÆFISREGLUR

Fagráðsmenn og stjórnarmenn skulu teljast vanhæfir vegna tiltekinnar umsóknar ef eitthvað eftirfarandi tilvika á við:

- Almennar vanhæfisstæður sem taldar eru upp í stjórnarsýslulögum (nr. 37/1993)¹.
- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni eða náin samvinna milli fagráðsmanns eða stjórnarmanns og umsækjanda.
- Fagráðsmenn geta ekki verið verkefnisstjórar í umsókn í Loftslagssjóð né meðumsækjendur í umsókn.
- Ef stjórnarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.

¹ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>

Fagráðsmenn og stjórnarmenn sem teljast vanhæfir samkvæmt ofanskráðu þurfa að víkja af fundi þegar fjallað er um viðkomandi umsókn og ákvörðun um styrk er tekin. Þetta skal skráð í fundargerðir.

Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá sömu stofnun eða fyrirtæki er til umfjöllunar, verður að meta hversu nán tengsl eru við þá starfsmenn sem standa að umsókn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis.

Stjórnarmenn og fagráðsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir í Loftslagssjóð.

2.3 MISFERLI

Vakni grunur um misferli, uppspuna, falsanir, ritstuld eða misnotkun í tengslum við umsókn, á styrktímabili eða eftir að styrktímabili lýkur, verður stjórn Loftslagssjóðs gert viðvart án undantekninga.

Vakni grunur um misferli í matsferli verður umsókn dregin út úr ferlinu meðan athugað er hvort grunurinn reynist á rökum reistur. Reynist allt með felldu verður umsóknin sett í matsferli á ný. Sannist misferli verður umsókn vísað frá mati.

Komist upp um misferli í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir að styrktímabili lýkur getur stjórn Loftslagssjóðs ákveðið sérstök viðurlög svo sem að hluti eða allt styrkfé verði endurgreitt eða að umsækjanda verði meinað að sækja í sjóðinn.

3 LEIÐBEININGAR TIL FAGRÁÐSMANNA

Hlutverk fagráða Loftslagssjóðs er að meta umsóknir sem berast sjóðnum út frá vísindalegu gildi verkefna, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi. Fagráð afgreiða hverja umsókn með skriflegri greinargerð og forgangsraða umsóknum á grunni hins faglega mats.

3.1 RAFRÆNT MATSKERFI

Fagráðsmenn fá aðgang að rafrænu matskerfi Loftslagssjóðs. Þar er að finna allar umsóknir sem bárust sjóðnum, viðeigandi fylgigögn og matsblað fagráðs. Til að fá fullan aðgang að öllum gögnum þarf fagráðsmaður fyrst að samþykkja trúnaðaryfirlýsingu og merkja við vanhæfi gagnvart þeim umsóknum sem hann er vanhæfur til að fjalla um.

3.2 MATSFERLIÐ

Umsóknum sem berast fagráði er skipt niður á fagráðsmenn. Tveir eða þrír lesarar innan fagráðsins eru skráðir á hverja umsókn, þar af einn sem ritstjóri. Allir fagráðsmenn eru hvattir til að kynna sér allar umsóknir fagráðsins.

3.3 FAGRÁÐSFUNDIR

3.3.1 FYRIR FAGRÁÐSFUNDI

Tveir eða þrír lesarar úr fagráðinu skrifa umsögn og mat á hverri umsókn í rafræna matskerfið. Með hliðsjón af umsögn lesara fagráðsins útbýr ritstjóri samantekt um styrkleika og veikleika þeirra umsókna sem hann er ábyrgur fyrir.

3.3.2 Á FAGRÁÐSFUNDUM

Fagráðsmenn sem lýst hafa sig vanhæfa til að fjalla um umsókn yfirgefa fundarherbergið þegar viðkomandi umsókn er rædd og er það skjalfest í fundargerð umsjónarmanns fagráðs hjá Rannís.

Ritstjóri kynnir umsókn á fagráðsfundi og eftir það koma aðrir lesarar með sínar athugasemdir og fagráðið ræðir matið og gefur einkunn. Ritstjóri gengur frá fagráðsmati eftir fundinn. Fagráðsmatið skal vera uppbyggilegt og þannig úr garði gert að umsækjandi hafi sem mest gagn af.

Þegar allar umsóknir hafa verið metnar af lesurum viðkomandi fagráðs eru skrifuð drög að umsögn fagráðsins. Fagráðið hittist síðan á fundi í húsakynnum Rannís, ræðir allar umsóknirnar og forgangsráðar á grundvelli styrkleikaflokka. Einkunn er gefin í samræmi við heildarmat fagráðsins á umsókninni (sjá töflu 1). Útbúinn er listi og umsóknum raðað í flokkana þrjá: A (A1-A3), B, C og X. Undirflokkur A1 er ætlaður afburðaumsóknum.

| Flokkur | Umsögn/Skilgreining |
|---------|--|
| A1 | Framúrskarandi umsókn, nánast án veikleika |
| A2 | Mjög sterk umsókn, léttvægir veikleikar |
| A3 | Sterk umsókn en minni háttar veikleikar |
| B | Umsókn með einn eða fleiri takmarkandi veikleika |
| C | Ófullgerð umsókn, margir veikleikar |
| X | Fellur ekki að áherslum sjóðsins |

Tafla 1. Styrkleikaflokkar fagráða

3.3.3 EFTIR FAGRÁÐSFUNDI

Formaður fagráðs staðfestir lokamat fagráðs og kynnir matsferli og niðurstöður fyrir stjórn Loftslagssjóðs sem tekur ákvörðun um styrkveitingu. Umsækjendur fá senda umsögn fagráðs þegar stjórn Loftslagssjóðs hefur ákveðið úthlutun ársins.

3.3.4 MATSPÆTTIR

Hér er að finna þættina sem meta á. **Mikilvægt er að gagnrýni sé skýr og mat uppbyggilegt.** Hafa ber eftirfarandi í huga við mat á umsóknum:

Áhrif verkefnisins og nýnæmi

- Mælanleg markmið fyrir samdrátt í losun fyrir árið 2030?
- Beinist verkefnið að aðilum sem hafa talsverða möguleika á að draga úr losun?
- Mun verkefnið nýtast víða í samfélaginu?
- Nýnæmi

Gæði og raunhæfi

- Er verkefnið vel skilgreint?
- Eru markmið skýr?
- Er framkvæmd verkefnisins vel skilgreind?
- Hversu raunhæft er verkefnið?

Verkefnisstjóri og aðrir þátttakendur

- Er um samstarf milli einstaklinga, fyrirtækja, félagsamtaka og/eða stofnana að ræða?
- Þekking, reynsla og hæfni verkefnisstjóra og annarra þátttakenda á sviði verkefnisins

Samantekt

- Samantekt um styrkleika og veikleika umsóknar